

Nd.

59. Frumvarp til laga

[53. mál]

um greiðslu verðjöfnunargjalds af sauðfjárafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði verðjöfnunargjald það sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur ákveðið að taka af framleiðslu sauðfjárafurða haustið 1977.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegna vaxandi munar framleiðslu og sölu innanlands á sauðfjárafurðum hefur orðið að innheimta verðjöfnunargjald af framleiðslu sauðfjárafurða bænda frá hausti 1977 sem er áætlað að muni nema um 1 300 millj. króna.

Verðábyrgð ríkissjóðs á útfluttum sauðfjárafurðum sem fer eftir 12. gr. laga nr. 101/1966 um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. hefur reynst lægri en þurft hefur fyrir framleiðslu sauðfjárafurða haustið 1977, sem áður nefndum mismun nemur, og hefur Framleiðsluráð landbúnaðarins orðið að grípa til töku verðjöfnunargjalds af grundvallarverði sauðfjárafurða til bænda til að greiða með útflutningnum.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eru ákvæði um að verðjöfnunargjaldið endurgreiðist úr ríkissjóði. Er gert ráð fyrir því að greiða kr. 1 000 millj. á þessu ári.

Þessi tillaga er flutt til framkvæmda þessa ákvæðis samstarfsyfirlýsingarinnar.